

Ársskýrsla Aleflis 2018

Aðalfundur haldinn 30. maí 2017 á Bókasafni Kópavogs

Stjórn 2017-2018

Ingibjörg Rögnvaldsdóttir formaður (2019)

Lísa Z. Valdimarsdóttir ritari (2018)

Viggó Gíslason gjaldkeri (2018)

Þórný Hlynsdóttir (2018)

Hólmfríður Gunnlaugsdóttir gekk úr stjórninni á síðasta aðalfundi félagsins og inn kom Ingibjörg Rögnvaldsdóttir (Tækniskólinn) í hennar stað.

Verkefni stjórnar eru aðallega samvinna við Landskerfi bókasafna og val á þremur fulltrúum í skráningarráð. Þeir fulltrúar eru þeir sömu og í fyrra: Þóra Sigurbjörnsdóttir Borgarbókasafni Reykjavíkur, Áslaug Þorfinnsdóttir Bókasafni Hafnarfjarðar og Rósa S. Jónsdóttir Bókasafni Orkustofnunar sem er formaður ráðsins.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir á starfsárinu. Á þeim fyrri skipti stjórn með sér verkum og tók Ingibjörg við formennsku af Hólmfríði. Stjórn var í samskiptum í gegnum tölvupóst vegna undirbúnings notendaráðstefnu og kerfisvals.

Það sem helst hefur verið á döfinni síðast liðið starfsár er val á nýju bókasafnskerfi eins og gefur að skilja, vinna hófst við gerð þarfagreiningu til nýs bókasafnskerfis sumarið 2017. Alefli átti aðkomu að þeirri vinnu ásamt rýnihópnum fjórum sem voru skipaðir árið 2017 til að gera ítarlega þarfagreiningu fyrir lán, lánþega, lýsigögn og umsýslu efnis. Breiður hópur sérfræðinga frá hverju safni tóku þátt í að yfirfara og forgangsraða þeim atriðum sem nýtt kerfi þyrfti og ætti að ráða við að framkvæma. Þegar þeirri vinnu var lokið var komið að því að gera kröfulýsingar til nýs kerfis í samstarfi við Landskerfi bókasafna

Í kröfulýsingum var farið ítarlega yfir þætti sem listaðir höfðu verið upp í þarfagreiningu fyrir kerfið (óskalistann) og reynt að forgangsraða eftir mikilvægi. Annars vegar hvað væri frágangssök ef kerfið gæti ekki, eða frumskilyrði að kerfið geti gert (e. SHALL), og hins vegar hvað væri æskilegt að það gæti gert (e. SHOULD) og þeim óskum raðað í 3ja þrepa mikilvægisröð, mjög æskilegt (e. SHOULD-1), æskilegt (e. SHOULD-2) og kostur (e. SHOULD-3). Væntingar bókasafna eru miklar eftir langa bið í tækniþróaðra kerfi en ALEPH er. Ekki er síður vonast til að notendaviðmót starfsfólks verði notendavænna en starfsmannaviðmót Gegnis en að lánþegum verði lífið léttara. Í lok mars var kröfulýsingin tilbúin og útboð auglýst á evrópska útboðsvefnum 26. mars 2018 sem og á heimasíðu Ríkiskaupa. Kröfulýsingu má sjá á

vef Landskerfis bókasafna, https://landskerfi.is/sites/default/files/lb-skjol/requirements_list_for_a_new_library_system_0.pdf en af lestri hennar er ljóst að um gífurlega vinnu hefur verið að ræða. Síðan í mars hefur verið beðið eftir tilboðum sem nú eru farin að berast og framundan er að fara yfir þau og velja loks það kerfi sem mætir kröfum okkar en er um leið á viðráðanlegu verði.

Stjórn Aleflis mætti eins og hún gat á þá fundi og kynningar sem í boði voru vegna þessa verkefnis en einnig hafði stjórn spurnir af þeirri vinnu í gegnum samstarfsfólk sitt.

Undirbúningur að notendaráðstefnu Aleflis tók mestan tíma stjórnar nú á vorönn. Notendaráðstefnan 2018 einkennist af vinnu við val á nýju bókasafnskerfi, en tilboð eru farin að berast frá kerfisframleiðendum og munu tilboðin og úrvinnsla þeirra verða kynnt. Einn erlendur gestur kemur, Joanna Brinton frá Overdrive kemur en Overdrive er grunnkerfi Rafbókasafnsins. Auk þess verður nýtt viðmót leitargáttarinnar Leitir.is kynnt.

Stjórn Aleflis vill þakka sérstaklega öllum þeim sem sátu í rýnihópum við gerð þarfagreininga og kröfulýsinga á árinu. Það er trú okkar að sú vinna muni skila okkur góðu kerfi sem standist kröfur númalegra leitarhátta, hvort sem er í tölvu eða síma. Síðast en ekki síst vill stjórn Aleflis þakka framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna og starfsmönnum öllum fyrir mikla og óeigingjarna vinnu við gerð útboðsgagna.

Bifröst, maí 2018

Þórný Hlynsdóttir, meðstjórnandi (í fjarveru formanns)